

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Reykhólahreppi.

2. gr.

Reykhólahreppur annast meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. móttöku og förgun úrgangs, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, svo sem móttöku brotajárns og landbúnaðarplasts, svo og spilliefna. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

3. gr.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs og
- c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Íbúar, stofnanir og fyrirtæki skulu leitast við að minnka magn úrgangs eftir föngum. Úrgang sem fellur til skal flokka þannig að unnt sé að endurnýta og endurnota sem mest og lágmarka magn úrgangs sem fer til urðunar. Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

II. KAFLI

Sorphreinsun.

5. gr.

Eigendur íbúða og sumarhúsa skulu sjálf sjá um að koma heimilisúrgangi frá sér í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

Í sorpgáma og sorptunnur má aðeins setja venjulegan heimilisúrgang.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgang skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Spilliefnum skal skila á viðurkenndan móttökustað.

6. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður.

Gámar sem almenningur hefur aðgang að skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

7. gr.

Ákvörðun um breytingar á meðhöndlun úrgangs skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með hæfilegum fyrirvara.

III. KAFLI

Gjaldtaka.

8. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun, þ.m.t. förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal lagt á og innheimt í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

IV. KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

9. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til heilbrigðiseftirlits eða sveitarstjóra.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

11. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfi- og auðlindaráðuneytinu, 5. júlí 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.